

Graphica Atlantica

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Fyrir skömmu lauk einni stærstu framkvæmd í sögu Kjarvalsstaða, sem var sýningin **Graphica Atlantica**, og sem fyllti allt húsið.

Samhliða þessari sýningu var haldið fjömennt þing graffiklistamanna, sem endaði með ferðalagi að Kirkjubæjarklaustri í Síðu, og mun það hafa tekist mjög vel í alla staði og þingheimur haldið himinlifandi ánægður á brott.

Það sem máli skiptir varðandi slík þing er fyrst og fremst, að fólk hittist og skiptist á skoðunum, kynnist og tengist sumt ævilöngum vináttuböndum, fundahöldin skipta minna máli, en eru þó nauðsynlegur hluti burðargrindarinnar. Mikilvægast er, að öll framkvæmdin kemur Kjarvalsstöðum og Íslandi á alþjóðlega landakortið um stórviðburði á sýningavettvangi, um sýninguna verður skrifað í virt listatímarit víða um heim.

Um sjálfa sýninguna fjalla ég ekki, því það hefur þegar verið gert, en mér þótti hún um margt ósköp lík mörgum svipuðum uppákomum, sem ég hef séð og hef hóflegan áhuga á. Fyrstu stóru slíku sýninguna sá ég í Austur-Berlín sumarið 1967, og nefndist hún „Intergrafik“. Ekki vantaði, að heimskunn nöfn prýddu hana og frábærir einstaklingar, en tæknigaldarnir voru enn ekki á fullu eins og í dag. Og eftir öðru voru vafalaust verðlaunaveitingar, heiðurs skjöldum úthlutað ásamt viðurkenningum vegna þátttöku.

Og þótt ýmislegt væri spennandi, þótti mér e.t.v. vænst um aflangt skilti, er að lokum blasti við mér eftir gaumgæfilega skoðun, og á stóð „Ausgang“ og bar mig út í sólinu á ný. Margóft fékk ég boð um þátttöku á þessum sýningum og mörgum fleirum,

einkum áður en félagið Íslensk graffik var endurreist, en sinni þeim ekki. Þó er langt frá að ég hafi eitthvað á móti þeim, er miklu frekar hlynntur slíkum listastefnum enda þýðing þeirra ótvíræð, en hef bara lítinn áhuga. Safna ekki graffiktvísringum né alþjóðlegum stórsýningum í minni listamál. Það er þó mikilvægt að taka þátt í þeim af og til en ekki gangast svo upp í framkvæmdunum að menn verði háðir vissum og einhæfum stefnumörkum.

Ég hefði gjarnan verið með í ferðinni að Klaustri, en svæsin kvefpest herjaði á mig um það leyti.

Sýningin sjálf hafði sínar góðu hliðar, en sumar þeirra komu ekki fram fyrr en eftir margendurtekna skoðun, enda nutu myndir sín misvel í upphengingunni, sem er óhjákvæmilegt. Ég minnst hér einkum ensku listakonunnar **Rebecca Salter**, en einfaldar myndir hennar skiluðu sér ekki fullkomlega fyrr en í síðustu heimsókn, kvöldið, sem sýningunni lauk. Myndir hennar létu lítið yfir sér og héngu á lítt áberandi stað. Einmitt slíkar uppgötvanir gera verðlaunaveitingar nokkuð vafasamar, enda teljast þær ekki algildur mælikvarði á annað en sérskoðanir þeirra, er veita þau.

Sala mynda var allmikil og einkum útlendinganna, dreifðist nokkuð jafnt merkilegt nokk, og af 24 þjóðum voru það aðeins Grikkland og Sviss sem ekkert seldu.

Þetta er uppvörvandi staðreynd vegna þess, að á slíkum sýningum kaupir fólk myndir yfirleitt til eignar, en síður til gjafa. Salan hjá Íslendingunum var dræm á heildina, að smámyndum eins þátttakandans undanskildum, enda virðist 90% allrar sölu innanlands vera til gjafa, jafnvel fermingargjafa.


Dýrasta myndin á sýningunni kostaði 120.000 en þær ódýrustu fóru allt niður í 2.000 kr. Mesta

salan var að sjálfsögðu í lægri verðflokkunum, enda held ég að mikið af ungu fólki hafi fest sér myndir.

Þrátt fyrir allt þótti mér áberandi að fólk lét einstakt tækifæri um listræna fjárfestingu sér úr greipum ganga, því að heilmikið af ágætum myndum seldist ekki og verða ekki á íslenskum markaði í brád né lengd. Allt of mikið af einskis verðum myndum prýða veggj biðstofa lækna og opinberra stofnana, en hér sýndu viðkomandi vísast lítil viðbrögð.

En skrítið þótti mér að sjá suma listrýnendur hér kafsra í verðlagningu mynda landa sinna, hélt að slíkt væri einkamál hvers og eins og á ábyrgð viðkomandi. Heilmargt kann að vera til í því, en hér þarf í mörg horn að líta, m.a. að markaðurinn er minni hér en víðast annars staðar og dýrara að nálgast efni ásamt því að sölu-möguleikar eru margfalt, minni jafnvel 1.000-falt minni í mörgum tilvikum. Hér gerist það ekki, að keypt séu 100-250 eintök á einu bretti eins og ekki er óalgenget ytra, og þá er mögulegt að lækka verðið til muna. Sala er hér óörugg og stopul nema um rómantísk myndefni sé að ræða og helst mega myndir ekki rífa í neinar dýpri kenndir skoðenda.

Þá er alls staðar mikill greinar-munur gerður á því hvort um er að ræða myndir þekkts listamanns eða byrjanda og eintakafjöldi ræður hér heilmiklu. Sumir listamenn takmarka ekki upplögin heldur virðast þrykkja endalaust og þá helst af tréstockum og halda þannig verðinu niðri. Þrykki einhver myndir sínar á verkstæði ytra, þá kostar hver litur jafn mikið og svart-hvít mynd, þannig að 5 litir gera 400% dýrari vinnslu og við bætast flugferðir og uppihald. Og enn má geta þess, að stundum gera listamenn örfá eintök upplagsins, jafnvel bara eitt, að fágæti með því að vinna áfram í þau.



Robert Arneson, Bandaríkin. Trérista (Jackson Pollock).

Aðsókn á sýninguna var allgóð miðað við aðsókn almennt á sýningar um þessar mundir en hefði gjarnan mátt vera margfalt meiri. Stuðningur fjölmiðla var ekki í öllum tilvikum sem skyldi og ekki neitt til að hrópa húrur fyrir. Einkum kom sjónvarpið illa út, og það sem frá því kom, var af vanþekkingu unnið.

Myndataka frá listsýningum er allajafna fyrir neðan allar hellur, hér eru ljósmyndararnir með alls konar tilraunastarfsemi, líkast sem þeir séu enn á skólabeck. Niðurstaðan af þessari sýningu er að mjög vel var að henni staðið af hálfu gestgjafanna, ráðstefnan tókst svo sem best verður á

kosið með góðum stuðningi hlið-hollra, og þá ekki síst veðurguðanna.

Eini fingurbrióturinn þykir mér, að enginn Íslendinganna var með fullt hús mynda, þ.e. fimm, sem er alröng ákvörðun og útilokandi jafnvel einstaklinga frá verðlaunum. Margur kemur tvímælaust miklu sterkar út með 5 en t.d. 3 myndir og færri. Listrænn sómi Íslendinganna lá í því, að flestir vinna bersýnilega í miðlinum sem slíkum, en láta ekki stjórnað af einhæfum gjafamarkaðinum. Öllum sem stóðu að sýningunni ber að þakka með miklum virktum og heiður þeim, sem heiður ber...

SÍMAR 21150-21370

SOLUSTJ. LARUS Þ. VALDIMARS
LOGM. JÖH. ÞÓRÐARSON HÖL

Til sölu er að koma m.a.:

Á úrvalsstað í Vesturborginni

5 herb. íb. á 2. hæð 135,4 fm nettó. Nýtt eldhús. Sér þvottahús. Svalir á suðurhlíð 21 fm. Úrvalsgóð sameign. Sér bílastæði. Skuldlaus. Laus fljótlega. Teikn. og nánari uppl. aðeins á skrifst.

Skammt frá Miklatúni

4ra-5 herb. íb. á 3. hæð við Skaftahlíð 104,1 fm nettó auk sameignar og geymslu. Tvennar svalir. Teikn. á skrifst. Ákv. sala.

Með frábærum greiðslukjörum

Úrvalsbúðir í smíðum við Jöklafold í Grafarvogi 3ja og 4ra herb. Byggjandi Húni sf. Fullbúnað undir trév. Öll sameign frágengin. Vinsamlegast fáið ykkur eintak af teikn. og prentuðum uppl. um frágang.

Skammt frá Miklatúni

4ra herb. rishæð með sérhita og góðum geymslum. Verð aðeins kr. 2,5 millj. ef samið er fljótlega.

Í gamla bænum óskast

einstaklúbúðir, 2ja og 3ja herb. íbúðir. Margir bjóða útb. fyrir rétta eign.

Fossvogur — Vesturborgin — Nesið

Gott einbýlishús eða sér eignarhluti óskast fyrir fjárst. kaupanda.

3ja-4ra herb. íbúð

óskast til kaups helst í Árbæjarhverfi, Neðra-Breiðholti eða á góðum stað í gamla bænum.

Opið í dag laugardag
kl. 11.00 til kl. 16.00.

ALMENNA
FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370

NÓI MYNDI DRAGA UPP SEGL

Erlendar bækur

Siglaugur Brynleifsson

Konrad Lorenz/Kurt L. Mündl: Noah würde Segel setzen. Vor uns die sintflut. Mit 59 Farbfotos. Deutscher Taschenbuch. Verlag 1987.

Fred Pearce: Acid Rain. Penguin 1987.

„Skógurinn er hið „græna lunga“ Evrópu og fjölmargra annarra menningarsvæða...“ Með hrúni skóglendisins er allri framtíð mannleifs og dýralífs ógnað, sama gildir um eitrun vatna og hafa. Samkvæmt skrifum Konrads Lorenz eru 1.800 dýrategundir í Sambandslýðveldinu Þýskalandi í hættu og flestar þeirra verða útdauðar innan nokkurra ára. Og skógurinn visnar. Gífurlegt svæði skóglendis í Mið-Evrópu er þegar visnað. Endurræktun er erfið og virðist í rauninni þýðingalaus, meðan framhald er á þeirri efna-mengun, sem nú eittrar loft, lág og lög.

Efnamengunin hefur fylgt aukinni iðnvæðingu og hefur mengunin aldrei verið slík sem nú, eitrun vatna og hafa stafar af eitruðum úrgangi, sem iðnaðarsamsteypur halda áfram að smygla í hafið eftir

að mönnum varð ljós hættan, einnig leitast hagsmunaaðilar við að spilla fyrir öllum tilraunum til umhverfisverndar á landi, þótt einstaka aðilar skeri sig úr, þá er fjöldi þeirra hverfandi.

Ömurlegasta dæmið um eitrun grunnvatnsins er í Silicon-Valley í Kaliforníu, þar sem úrgangurinn frá tölvuiðnaðinum hefur um árabil seytilað niður í jarðveginn með þeim afleiðingum að þetta fyrrum „þrifalegasta iðnaðarsvæði heimsins“ er orðin baneitruð sorpvilpa, þar sem allt líf fínu og flöru drepst.

Það gefst einnig dæmi um að gerlegt er að verjast mengun og lífga við ár og vötn sem hafa mengast svo að allt líf var úr þeim horfið. Þetta hefur gerst á takmörkuðum svæðum, t.d. á Englandi og koma þar til aðgerðir stjórnsvalda og skilningur íbúanna á hvað er í húfi. Þótt ýmsir einstaklingar séu þeirrar skoðunar að það saki ekki þótt vissum dýrategundum sé eytt, þá er sú skoðun oftast bundin annarlegum hagsmunum eða heimsku. Lífríki jarðarinnar er ein heild og verði mikil rökun á þessu lífríki þá er allt í hættu. Umhverfisverndun er nú brýnasta verkefni stjórnsvalda um allan heim, og flestum er að verða þetta ljóst þótt einlægt séu til undantekningar í gervi vissrar tegundar pólitíkusa, sem af

vafasömum hagsmunaaðilum vinna gegn því að dýrategundir séu verndaðar og ganga jafnvel svo langt að réttlæta veiðarnar í „vísindaskyni“ og reyna á þann hátt að falsa forsendurnar, sem eiga ákaflega lítið skilt við vísindastarfsemi. Slíkt háttætti er reyndar einstakt og vekur fyrirlitningu, í besta falli mikla undrun.

Lorenz og Mündl lýsa umhverfis-eyðingunni í Sambandslýðveldinu og birta myndir af fimmtíu dýrategundum, sem óttast er að deyi út á næstunni. Þeir fjalla um þau áhrif sem mengunin hefur á umhverfið og afleiðingar þess á raunsannan hátt.

Fred Pearce skrifar: „Skýin yfir Evrópu eru eitruð. Eiturefni berast með blænum frá iðjuverum og útblæstri farartækja á hraðbrautum. Þegar eitrið fellur til jarðar eyðilegst laufskróð trjáanna frá Ölpunum austur að Úralfjöllum. Eitrið eyðileggur byggingar, pappir og togleður, það eittrar gróður moldina og ár og vötn og það veldur einnig dauða manna.“

Höfundurinn er ritstjóri við New Scientist. Hann tífundar hér rannsóknir vísindamanna undanfarna áratugi um súra regnið og mengun fljóta og vatna. 1952 létust rúmlega fjögur þúsund manns í London af afleiðingum eitraðs lofts. Hann tel-

Morgunblaðið

Góðan daginn!